

Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

Febrúar 2017

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarsjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðsins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í febrúar:

Þrátt fyrir fáa daga febrúarmánaðar hefur mánuðurinn verið hlaðinn skemmtilegum verkefnum og viðburðum auk hins venjubundna starfs. Ég liðsinnti dreifnáminu með því að sjá um opnun og lokun skólans auk þess sem Jónína dóttir mín sat þar yfir prófum þegar umsjónarmaður þurfti að fara frá vegna veikinda barns. Ég fékk þann heiður að fá að sitja í dómnefnd á söngvakeppni Samvest í Félagsheimilinu á Hólmarvík og var það ótrúlega skemmtilegt hlutverk. Ég fór suður ásamt fulltrúum grunnskólans á kynningu og verðlaunaafhendingu á vegum Landsbyggðavina en þar báru sigur úr bitum tveir nemendur grunnskólans, voru þar í fyrsta og öðru sæti og kynntu verkefni sín. Viku síðar var kynning á öllum verkefnum frá nemendum grunnskólans úr þessari keppni í Hnyðju og var það afar vel heppnað og flott, greinilega flott ungt fólk á ferð með góðar hugmyndir. Sveitarstjórn fundaði um framkvæmdir 2017, enn á eftir að ljúka því skipulagi endanlega þótt ýmislegt sé farið að skýrast. ADH nefnd fundaði 9. feb. en ég sit þá fundi sem starfsmaður og sama dag var fundur í félagsheimili um samfelldan dag barnsins en sá fundur var sameiginlegur með FRÆ og TÍM nefndum. 14. feb. komu sóttu þingmenn Strandabyggð heim en Sjálfstæðismenn buðu til fundar á Riis í hádeginu en kl. 13 komu fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Vinstri grænna í Hnyðju. Mánudaginn 14. feb. sótti ég tvo fundi í Reykjavík, annarvegjar þingmannafund þar sem þingmenn kjördæmisins komu til fundar með sveitarstjórnarfólki af Vestfjörðum og í framhaldi af því var fundur um fjármálastefnu, fjármálaáætlanir og fjármálakafla sveitarstjórnalaga. Forstöðumannafundur var haldinn 22. feb. með örlítið nýju sniði en nú geta sveitarstjórnarmenn sótt fundina og þar með kominn vettvangur fyrir nánara spjall og bein skilaboð á milli aðila. Fulltrúar Viðlagatryggingar Íslands sóttu okkur heim ásamt oddvita Kaldrananeshrepps þar sem farið var yfir hlutverk og skyldur beggja aðila. 28. feb. sótti ég kynningarfund um gerð hjúsnæðisáætlana sveitarfélaga hjá Íbúðalánasjóði auk þess sem ég fundaði með Tröppu vegna samnings um þjónustu við skólafundandir sveitarfélagsins um einskonafræðslustjórahlutverk. Ekki hefur enn verið ráðið í skrifstofustarf sem auglýst hefur verið í tvígang og hefur verið ákveðið að auglýsa starfið á ný, hugsanlega með breyttum áherslum. Mikilvægt er að fá öflugan einstakling í starfið sem getur sinnt öllum þeim fjölbreyttu og krefjandi verkefnum sem fylgja starfinu. Heiða, sem sinnt hefur þessu starfi með miklum ágætum lætur af störfum í lok mars. Íris Ósk sem sinnt hefur starfi tómsfundafulltrúa í fjarveru Estherar Aspar, hefur látið af störfum og kunnum við henni kærar þakkir fyrir þann tíma sem hún var hjá okkur.

Helstu mál framundan: Auglýsa aftur og finna starfsmann á skrifstofu. Fundur á Reykhólum með fulltrúum frá Pacta vegna reglna tengdum ríkisstyrktum verkefnum. Fulltrúar frá Fjölneti koma til okkar þriðjudaginn 7. mars og á að fara yfir tölva- og netmál í grunnskólanum. Fundað verður í Króksfjarðarnesi vegna svæðisskipulagsgerðar og fyrir þann fund munum sveitarstjórar og oddvitar sveitarfélaganna þriggja hittast og ræða sameiginleg mál. Þann 24. verður landsþing sambands sveitarfélaga. Opnuð hafa verið tilboð í annan áfanga viðbyggingar við leikskólann og er verið að yfirfara þau gögn. Taka þarf ákvörðun fljótt og vel um framhald þess verks.

Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Um 80 tonn komu á land í febrúar og er það frekar dræmt, engin bíll hefur komið með rækju í febrúar og hefur það ekki gerst í nokkur ár. Fönix er að fara gera sig kláran fyrir rækjuveiðar og smábátarnir fara gera klárt fyrir grásleppuveiðar svo vonandi fáum við góða veðurtíð.

Gert var við annan löndunarkranan á höfninni þar sem slöngur voru orðnar lélegar.

Við höfum sett upp lista fyrir myndir í íþróttarmiðstöðinni ásamt því að setja þar nýjan skjá fyrir öryggismyndavélar.

Í byrjun mánaðarins var aðstoðað við að gera klárt í félagsheimilinu fyrir söngvakeppni sem félagsmiðstöðin sá um og mættu um 200 börn á þessa skemmtun hjá þeim.

11. feb var haldið uppá 112 daginn í félagsheimilinu og mætti fólk þangað og kynnti sér starfsemi slökkviliðs, sjúkraflutninga, lögreglu og björgunarsveitar ásamt því að fá sér kaffi og heita súpu sem kaupfélagið kom með til okkar, þótti okkur þessi dagur hafa heppnast vel og ákveðið að gera þetta aftur á næsta ári.

Í febrúar var fundur með viðlagatryggingum og kom margt fróðlegt úr þeim fundi og ætlum við að fara yfir gögn frá þeim nú í mars svo hægt sé að gera athugasemdir ef þarf.

Frá skrifstofustjóra - Salbjörg Engilbertsdóttir

Mest var unnið í bókhaldi í febrúar og innleiðingu á nýju bókhaldskerfi sem hefur tekið meiri tíma en ég vildi, þó kerfið komi tilbúið til notkunar þarf að eyða mikilli vinnu í að aðlaga það að okkar og að allt virki rétt og vel. Ég fór á ráðstefnu til Reykjavíkur hjá Sambandi sveitarfélaga í febrúar. Framundan er svo vinna við ársreikning 2016 og svo allt þetta venjubundna laun og bókhald.

Félagsheimili

Nokkuð hefur verið um viðburði í félagsheimili í janúar og febrúar. Landsþing ungmennahúsa var haldið í janúar og árlegt þorrablót í Strandabyggð. Í febrúar var haldin söngkeppni Samvest og mættu hingað ungmenni frá Vesturlandi til að taka þátt í því. 112 dagurinn var haldinn hátíðlegur og eins voru nokkir fundir og fl. Framundan í húsinu er Góufagnaður og Strandagangan m.a. Leikfélagið vinnur að því að tæma kjallarann til að hægt sé að byrja á endurbótum þar og er að koma sér fyrir á efstu hæð. Notkun salernis í anddyri er einhver og umgangur góður.

Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir

6. febrúar var Barnaverndarfundur á Borðeyri. Í febrúar voru gerðar skýrslur félagsþjónustu fyrir Hagstofu Íslands. Þær skýrslur eru gerðar árlega.

Í febrúar var undirbúningsfundur vegna fyrirhugaðs forvarnateymis Strandabyggðar og unnið að þeim undirbúningi.

13. febrúar var undirrituð með fræðslu um fötlun í 5.-7. Bekk Grunnskóla Hólmavíkur.

Í febrúar var unnið að undirbúningi fyrir Uppeldisnámskeið sem byrjaði 28. febrúar.

24. febrúar sótti undirrituð árlegt þing félagsráðgjafa.

Í febrúar hófst undirbúningur fyrir sumarafleysingar og var fundur með nokkrum forstöðumönnum um þau mál og undirbúið að auglýsa eftir starfsfólki.

Annars voru hefðbundin störf í ráðgjöf og barnavernd og sóttir teymisfundir og nemendaverndarráðsfundir í grunnskóla og leikskóla á Hólmavík.

8. mars, 2017, María Játvarðardóttir félagsmálastjóri

Frá forstöðumanna Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir

Listar voru settir á ganga Íþróttamiðstöðvarinnar. Hengja á upp gamlar myndir úr starfi HSS á gangana. En stefnan er að mála ganginn áður en myndirnar verða hengdar upp, og verður það vonandi gert í mars mánuði.

Keyptur var flatskjár af öryggisástæðum og var hann hengdur upp á vegg inn af eldhúsi. En það sást ekki í hluta af sundlauginni inn af eldhúsi. Nú er búið að koma í veg fyrir það.

Spegill var enning keyptur af öryggisástæðum, stefnan verður að hann verði hengdur upp fyrir framan glugga við afgreiðslu svo það vekir athygli starfsmanna um leið og gestur kemur úr klefa.

Perurnar sem keyptar voru í sundlauginu verða vonandi tengdar í næstu viku. En ekki tókst að setja þær í febrúar vegna mikilla anna rafvirkja.

Hússtjórnarkerfi hefur verið tengt í vinnutölvu forstöðumanns. Með því móti get ég fylgst með hita á laugum og fl.

Ég hef verið í sambandi við Steinþór hjá verkfræðistofu Jóhanns Indriða í sambandi við meldingar í símann vegna hita á laugum. Það er allt í ferli, og á ég eftir að fá svör í sambandi við framhaldið á því.

Ég hef ennig verið í samandi við Steinþór vegna úttekta á innrakerfi Sundlaugarinnar. Það er líka allt í ferli og á hann eftir að gefa okkur tilboð í slíka úttekt.

Sumarstörf verða auglýst á næstu dögum.

Ég ákvað að bera saman komutölur frá 2016 – 2017 í Febrúar mánuði.

Í Febrúar 2016 komu alls 272 gestir í Flosaból en nú í ár komu 329 gestir. Það gerir tæplega 21% aukningu milli ára. Sem er frábært. En plássleysi er löngu farið að gera vart við sig í Flosabóli.

En sundlaugagestir voru alls 360 í Febrúar árið 2016 og árið 2017 voru þeir 568. Það gerir 57% aukningu á milli ára. Sem er gríðaleg aukning, en þar spilar veðrið enning mikið inni.

Það er afar ánægjulegt að sjá þessa aukningu í Íþróttamiðstöðina.

Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir

Frá leikskólastjóra- Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir

Dagur leikskólans var 6. Febrúar- boðið var uppá morgunverð fyrir foreldra og opið hús frá kl.9 – 11. Leikskólabörn eru með sýningu á verkum sínum í veitingasal Kaupfélagsins.

Steinunn frá Starfsleikni kom til okkar 27.jan. og fengum við góða útkomu hjá henni, vinnustaðagleði, samheldni og ánægja ásamt mörgu öðru einkenndi þennan flotta hóp starfsmanna. Er ég virkilega ánægð með þennan hóp sem hefur staðið sig með mikilli þrýði þrátt fyrir manneklu meirihluta daganna sem liðnir eru af þessu starfsári.

Hjördís Inga Hjörleifsdóttir sérkennslustjóri er komin í fæðingarorlof og er Barbara Guðbjartsdóttir komin í hennar starf út árið.

3. mars verður starfsdagur á leikskólanum og verður þá námskeið sem heitir „Lubbi finnur málbein“ fyrir starfsfólk leikskólans. Þar sem námskeið, sem þetta, er ekki á hverju strái og er kostnaðarsamt, ákvað leikskólastjóri að tala við grunnskólann á Hólmavík, grunn-og leikskólann á Reykhólum og leik- og grunnskóla Drangsness, með vilja til þátttöku. Var vel tekið í þetta og verður námskeiðið haldið hér á Hólmavík og 25 þátttakendur.

Lubbi er hundur sem býður öllum börnum í ævintýraferð um Ísland þvert og endilangt í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku máhljóðin, fljótt og vel. Hann býður jafnframt uppá að koma í Hljóðasmiðjuna sína til að æfa að tengja saman hljóðin og læra að lesa og skrifa um leið og hann.

Er þetta námskeið góð viðbót og tenging við þróunarverkefnið „Málþroski og læsi, - færni til framtíðar“ sem leikskólinn hefur verið þátttakandi í og klárast í vor.

Frá skólastjóra Grunn- og Tónskólans – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

3. febrúar fóru tveir nemendur úr sem unnu til verðlauna í verkefni samtakanna Landsbyggðin lifi til Reykjavíkur og tóku á móti verðlaunum í Háskólanum í Reykjavík. Nemendur í 8.-10. bekk hafa í vetur tekið þátt í þessu verkefni sem er undir yfirskriftinni Landsbyggðin lifi – Framtíðin er núna! Föstudaginn 10. febrúar kynntu nemendur fimm verkefni í Hnyðju sem öll höfðu það markmið að bæta heimabyggðina. Kynningin var mjög vel sótt en að auki var boðið upp á tónlistaratriði og skúffuköku.

Lokahátíð Lífshlaupsins var 14. febrúar með keppni í hinum ýmsu íþróttagreinum allan daginn.

Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í iðnkynningu á Sauðárkrók og unnu þar í fab lab smiðju fjölbrautaskólans og fengu að vinna úr fjölbreyttu efni. Iðnkynningin er afar vinsæl og vel heppnuð og gefur auk þess einingu í framhaldsskóla.

Nemendur í 5.-7. bekk tóku þátt í plastkapphlaupinu sem er samnorrænt verkefni Skolen i Norden og stefnt er að því að allir bekkir taki þátt.

Kennarar hafa unnið að hæfniviðmiðum í skólakerfinu Námfúsi og yfirferð á starfumhverfi í tengslum við kjarasamning.

Sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur áttu sitt hvorn daginn í skólanum.

Skólastjóri sótti fundi nemendaverndarráðs, fund um samfelldan dag, fjarfund v. samræmdra rafrænna könnunarprófa, fund um forvarnamál, fund með leikskólanum vegna móttöku nýnema þaðan og fund með skólastjórum Reykhólaskóla og Auðarskóla í Búðardal auk hefðbundinna funda.

Framundan í mars er auk hefðbundinnar kennslu - starfsdagur og viðtalsdagur, samræmd próf í 9. og 10. bekk, keppni í skólahreysti, danskennsla, stóra upplestrarkeppnin og undirbúningur fyrir árhátíð.

Frá Slökkviliðsstjóra – Einar Indriðason

Slökkviliðið fór í eitt útkall vegna bílveltu 12.02, ekki þurfti að beita klippum en slökkviliðið hreinsaði vettvang. Æfing var haldin þann 18.02. Vinna við útkallsskýrslur og bjargir 112 stendur yfir. Framkvæmd var viðgerð á alternator í dælubílnum og gert við einn krana. reykköfunartæki voru send til skoðunar og reyndist 1 kútur kominn á tíma. Annað í feb. var hefðbundið að svara símtölum og póstum

Frá tómsfundafulltrúa – Esthr Ösp Valdimarsdóttir

Efitfarandi hefur drifið á daga tómsfundafulltrúa í febrúar:

SamVest – Söngkeppni félagsmiðstöðva á Vesturlandi fór fram í félagsheimilinu á Hólmavík 2. febrúar. Unglingar í félagsmálavali komu að öllum stigum undirbúnings og utanumhalds, stóðu sig með þrygði og lærðu án efa heilan helling. Eitt atriði Ozon lenti í 2. sæti og tryggði sér þar með keppnisrétt á söngkeppni Samfés í Laugardalshöllinni þann 25. mars. Rúmlega 250 unglingar mættu og skemmtu sér konunglega og fór allt vel fram enda samstarf félagsmiðstöðva gott. Ozon þakkar Áhaldahúsinu og Félagsheimilinu gott samstarf auk ungmennaráðs og sveitastjóra sem aðstoðuðu.

Samfelldur dagur – Fundur TÍM nefndar og fulltrúa fræðslunefndar fór fram í byrjun febrúar. Þar var ákveðið að kanna enn frekar hug íbúa til samfellds dags með því að Ingibjörg Benediktsdóttir og Ásta Þórisdóttir, fulltrúar sveitarstjórnar, héldu fundarröð með viðkomandi um málið. Í kjölfarið myndi tómsfundafulltrúi vinna tillögur að útfærslu samfellds dags sem lagðar yrðu fyrir sveitarstjórn ásamt niðurstöðum fundanna á sveitarstjórnarfundum í mars. Íbúafundirnir hafa þó ekki enn verið auglýstir þegar þetta er skrifað og því má búast við einhverri töf á þessari vinnu. Mikilvægt er að þessi vinna gangi hratt og örugglega fyrir sig til að hægt sé að skipuleggja allar breytingar vel og með góðum fyrirvara.

Samsetning starfs – Unnið hefur verið að hugmyndavinnu um breytingar á starfi tómsfundafulltrúa. Enn nákvæmari skýrsla á breytingartillögum auk tillagna um starfssvið, verkefni og vinnuhlutföll tómsfundafulltrúa er í vinnslu og mun liggja fyrir von bráðar.

Breytingar í félagsheimili – Tiltekt á lofti er lokið og leikfélagið er að vinna að flutningum sínum upp á loft. Nú er beðið eftir verkáætlan til að hægt sé að hefjast handa við framkvæmdir og breytingar fyrir flutning tómsfundastarfs í kjallarann. Ungmennanæing í febrúar var helgað þessum yfirvofandi breytingum.

Ungmennanæing – Annað ungmennanæing Strandabyggðar var haldið þann 22. febrúar. Ungmennaráð sá um skipulagninguna en þingið fór fram í Félagsheimilinu um hádegi. Eins og áður voru starfsmenn sveitarfélagsins sem eru undir 25 ára aldri leystir af, grunnskólanemendur mættu allir og dreifnámsnemendur fengu frí til að geta tekið þátt. Aðrir starfsstaðir í sveitarfélaginu þar sem ungt fólk starfar voru látnir vita og svo var viðburðurinn auðvitað auglýstur. Á fjórða tug ungmenna mættu og tóku þátt í skapandi hugmyndavinnu um flutning tómsfundastarfs ungmenna í félagsheimilið og eflingu starfsins almennt. Unnið var á stöðvum og á milli voru skemmtistöðvar og þrautir. Í lokin bauð ungmennaráð svo upp á heimabakaða pizzu yfir almennum umræðum. Ungmennaráð vinnur úr niðurstöðum þingsins á næsta fundi sínum 2. mars.

Milljarður rís – Í hádeginu þann 17. febrúar var dansað gegn ofbeldi í Hnyðju. Vel á annað hundrað manns mættu, þar á meðal allur grunnskólinn og hluti leikskólans, og létu til sín taka í dansinum en tónlistarhópur Ozon sá um tónlistina. Fjölmargir létu sig þetta mál varða og börðust þannig með UN Women gegn kynbundnu ofbeldi. Næst væri gaman að sjá fleiri fullorðna taka þátt.

Forvarnarteymi – Áhyggjur fagfólks í sveitarfélaginu af aukinni vímuefnaneyslu, forvitni og áhuga ungmenna hafa aukist. Tómsfundafulltrúi hafði því frumkvæði að því að kalla saman fulltrúa félagsþjónustu, grunnskóla, dreifnáms, lögreglu og heilsugæslu til að ræða málið og skipuleggja aðgerðir. Á fundinum þann 27. febrúar var ákveðið að sækja um fjárstyrk til sveitarstjórnar til kaupa á fræðslu auk þess sem lögreglan ætlar að fræða unglinga og foreldra um

fíkniefni í samstarfi við grunnskólann og dreifnámið. Jafnframt var samþykkt að stofna skyldi forvarnarteymi þessara aðila auk fulltrúa leikskóla, íþróttafélaga og foreldra og hefja ætti vinnu að forvarnaráætlun sveitarfélagsins.

Meningartengd ferðapjónusta – Tómstundafulltrúi tók þátt í málþingi um menningartengda ferðapjónustu á Kaffi Galdri þann 23. febrúar. Þingið var haldið í tilefni af heimsókn nemenda í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands á Strandir. Á þinginu kynnti tómstundafulltrúi ýmis hátíðarhöld í Strandabyggð, einkum Hamingjudaga, þróun þeirra, mikilvægi og hindranir í skipulagningu og framkvæmd.

Lífshlaupið og Allir lesa – Lífshlaupinu lauk 21. Febrúar. Þónokkrir tóku þátt í Strandabyggð en þátttakan náði ekki sömu hæðum og oft hefur verið þrátt fyrir að margir séu duglegir að hreyfa sig. Árangurinn í Allir lesa var mun meiri en þar sigraði Ásdís Jónsdóttir í einstaklingskeppni, engin lið í Strandabyggð náðu langt í þeirri keppni.

Skipulag sumarstarfs – Töluverður tími hefur farið í að skipuleggja sumarstarfið en verið er að leitast við að koma því í fast en þó spennandi form. Í sumar verður samstarf við Náttúrubarnaskólann um bæði sumarnámskeið og skapandi störf í Vinnuskólanum, nánar um það síðar.

Fastir liðir

Ungmennaráð – Ungmennaráð hélt annað ungmennaping Strandabyggðar 22. febrúar. Ráðið sá um allt skipulag metnaðarfullrar dagskrár sem samanstóð af hópefli, stöðvavinnu um tómstundastarf í félagsheimili, ýmsum skemmtistöðvum og svo heimabakaðri pizzu og samantekt. Þingið gekk mjög vel en enn á eftir að vinna úr niðurstöðunum.

TÍM nefnd – Fundaði 9. febrúar og fékk fulltrúa fræðslunefndar í heimsókn. Aðallega var rætt um nýja starfslýsingu tómstundafulltrúa og samfelldan dag barnsins.

Ozon – Opnanir eru á miðvikudagskvöldum. Vikulega hjá unglingum og aðra hverja viku hjá miðstigi. Í febrúar var haldið vídeókvöld þar sem borðuð var eðla, vinakvöld með leynivinaleik og hópefli, mystery challenge hjá yngri hóp, gistinótt þar sem vakað var alla nóttina og farið var í heimsókn í félagsmiðstöðina á Reykhólum. Í byrjun febrúar hélt Ozon SamVest og komst þar áfram í söngkeppni Samfés, þessu fylgja stífar æfingar sem hefur verið haldið úti í febrúar. Töluverð vinna hefur farið í undirbúning fyrir Stíl, hönnunarkeppni félagsmiðstöðvanna. Áhugasamir unglingar hafa tekið þátt í valáfanga í grunnskólanum þar sem þau hafa undirbúið sig undir það metnaðarfulla verkefni að taka þátt í Stíl. Um miðjan febrúar valdi dómnefnd milli tveggja tillagna og nú vinnur allur hópurinn saman að einni hönnun.

Félagsmálavali – Tímar í félagsmálavali fara fram strax eftir skóla alla mánudaga. Þar skipuleggja unglingarnir starf félagsmiðstöðvarinnar Ozon. Í febrúar höfum við lagt drög að bættu vinnuskipulagi, hópaskiptingu og fundarsköpum. Auk þess höfum við unnið að skipulagningu ferðar á Samfesting og gert áætlanir um innkaup og endurnýjun búnaðar.

Foreldrahittingar – Fastur liður í hádeginu á miðvikudögum. Mikil ánægja er með hittingana og augljóst að þörf er á þeim. Sem stendur mætir tómstundafulltrúi alltaf en hittingarnir eru mis sjálfbærir eftir foreldrahópnum hverju sinni. Karlmenn mæta ekki á hittingana og það er eitthvað sem þarf að skoða.

Fjósið – Fjósið hefur verið í lægð en töluvert er af ungu fólki í sveitarfélaginu sem hefur áhuga á að virkja starfið. Laugardaginn 25. Febrúar var haldinn fyrsti viðburðurinn í langan tíma en þá var Lord of the rings maraþon í Fjósinu, mætingin var ágæt og hópurinn fjölbreyttur. Tómstundafulltrúi kíkti við og var allt með ró og spekkt en þó þurfti að taka á því að einhverjir voru með munntóbak en öll vímuefni eru að sjálfsögðu stranglega bönnuð í ungmennahúsinu.

Verkefni í mars

Stíll – Fulltrúar Ozon keppa í Stíl í Laugardalshöllinni þann 4. Mars.

Gervigrasnámskeið – Nú er orðið ljóst að skipta þarf um gervigras á sparkvellingnum við grunnskólann, gert er ráð fyrir að það kosti 6,2 milljónir. 7. Mars verða breskir aðilar með námskeið í Kópavogi þar sem farið verður yfir aðra ódýrari og hentugri möguleika um endurnýjum gervigrass og takmörkun á notkun eiturefna á leiksvæðum og tómstundafulltrúi tekur þátt í því.

Raddir ungs fólks skipta máli – 17. mars munu tómstundafulltrúi og fulltrúi ungmennaráðs taka þátt í ráðstefnu Evrópu unga fólksins fyrir þá sem standa að baki ungmennaráða sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka auk fulltrúa ungmennaráðanna sjálfra. Síðastliðið ár hafa ungmennaráð og þátttaka ungs fólks verið í brennidepli hjá Evrópu unga fólksins og er þessi ráðstefna lokahnykkur í röð spennandi verkefna. Fyrir rúmu ári var haldin sambærileg ráðstefna

undir yfirskriftinni “Skipta raddir ungs fólks máli?”. Markmið þessa verkefnis er að auka þekkingu á starfsemi ungmennaráða og leiðum til að virkja ungt fólk til þátttöku og áhrifa. Á ráðstefnunni verða m.a. niðurstöður verkefnisins kynntar. Angelica Andersson einn helsti sérfræðingur Svía á sviði ungmennaráða og virkrar þátttöku ungs fólks verður með fyrirlestur. Einnig verða málstofur og nýstofnað félag, Ungmennaráð Íslands, sem eru regnhlífasamtök ungmennaráða á Íslandi munu kynna starfsemi sína og framtíðaráform.

Samfestingur – Félagsmiðstöðin Ozon fer á Samfestinginn 24. mars, keppir á borðtennismóti Samfés 25. mars og í söngkeppni Samfés sama dag. Í ferðinni verður einnig gert ýmislegt annað skemmtlegt í Reykjavík, farið verður í fimleikasal, út að borða, í sund og í leikhús og fleira sem enn á eftir að ákveða.

Áætlun um framkvæmdir og starf í félagsheimilinu – Um leið og framkvæmdaráætlun er komin frá sveitarstjórn þarf að skipuleggja breytingar í félagsheimili. Vonandi verður hægt að klára vinnu í kjallaranum fyrir sumarið og tilheyrandi vinnu í grunn- og leikskóla til að upphaf starfsins í haust gangi sem best fyrir sig.

Skipulag sumarstarfs – Í mars verður auglýst eftir sumarstarfsfólki og valið í störfin þannig að í apríl á að liggja fyrir hver sinnir hverju næstkomandi sumar.

Veraldarvinir – Beðið er eftir formlegri umsókn veraldarvina um að koma í sumar og hreinsa fjörunnar í Strandabyggð. Þau hafa hug á að gista í dreifnáminu g sjá sjálf um fæði og ferðakostnað.

Fullorðinsíþróttir [verkefni frá febrúar sem ekki hefur klárast] – Í samstarfi við forstöðumann íþróttamiðstöðvar stendur til að koma á íþróttatímum kl 20:30 tímabundið. Um er að ræða tilraunaverkefni til að reyna að mæta þörfum hóps sem ekki getur mætt fyr um kvöld vegna umönnunar barna en langar samt að hitta aðra og taka þátt í skemmtilegri hreyfingu. Hugað verður sérstaklega að því að íþróttahúsið sinni báðum kynjum til jafns. Í tengslum við þessa tíma verður ekki í boði að nota búningasklefa. Með þeim hætti er hægt að bjóða upp á tíma seinna án þess að lengja vinnutíma starfsfólks íþróttamiðstöðvar.

Kortlagning göngustíga og útivistarsvæða [verkefni frá febrúar sem ekki hefur klárast] – Kortleggja þarf gönguleiðir, göngustíga og útivistarsvæði í sveitarfélaginu og meta þörf á endurbótum og viðgerðum. Slík vinna þarf að eiga sér stað til að hægt sé að gera áætlanir um útivistarsvæði sem og að skipuleggja vinnuskóla og störf SEEDS hópa.

Fastir liðir

TÍM nefnd – Fundur TÍM nefndar verður haldinn 9. febrúar.

Ungmennaráð – Fundur ungmennaráðs verður 2. mars og þar verður meðal annars unnið úr niðurstöðum síðasta ungmennáþings.

Ozon – Í mars verður keppt bæði í hönnun, borðtennis og söng á landsvísu. Farið verður í heila helgarferð til Reykjavíkur með margvíslegum uppákomum auk þess sem haldið verður þögult diskótek, kósýkvöld, fear factor, dragkökuboð og spilakvöld. Yngri hópurinn ætlar í varúlf, halda dansball og dragkvöld. Enn þarf að skoða samstarf við nemendaverndarráð, teymisfundi, félagsþjónustu og annað slíkt betur þar sem nemendum sem þurfa stuðning inn í félagsmiðstöðina eða gætu nýtt sér sértækt hópastarf fer stækkandi.

Félagsmálaval – Mikill tími mun nú fara í undirbúning ferðar á Samfestinginn í lok mánaðarins jafnframt því að enn á eftir að skipuleggja starfið í apríl og maí. Verslunarreksturinn þarf einnig að fínþússa og halda betur utan um og ganga þarf frá tækjakaupum og hugmyndum frá ungmennáþingi um hönnun á nýrri félagsmiðstöð í félagsheimili.

Foreldrahittingar – Foreldrahittingar halda áfram. Nú fer að fjölga nýfæddum börnum og viðbúið að hópurinn stækki, jafnframt þarf að skoða leiðir til að virkja feðurna.

Fjósið – Töluverður fjöldi ungs fólks býr nú í sveitarfélaginu og þar á meðal miklar félagsverur og leiðtogar. Á döfinni er að leita leiða til að virkja þessa einstaklinga til að efla starfið, vonandi verða fleiri viðburðir í marsmánuði.

Samfelldur dagur – Vinna þarf áfram að því að koma verkefninu í framkvæmd og vonandi mun sveitarstjórn geta tekið afstöðu til málsins á fundi sínum í mars byggja á samráðsfundum og skýrslum sem meðal annars eru unnar af tólmstundafulltrúa. Í kjölfarið þarf svo að hefjast handa við skipulag samstarfsins.

Lokaorð

Ég er mjög ánægð með að skrifa þessar mánaðarskýrslur. Þær halda mér vel við efnið og aðstoða við markmiðssetningu. Ég hafði hugsað mér að skreyta hana með myndum en eins og þið sjáið er starfið líflegt og þar gerist margt skemmtilegt sem gaman er að festa á mynd. Tæknin er hins vegr eitthvað að stríða mér en myndirnar munu birtast á facebooksíðu tómstundafulltrúa, endilega gerist vinir mínir. Endilega setjið ykkur í samband við mig ef þið hafið einhverjar spurningar um starfið.